

Fimmtudaginn 9. ágúst 1990.

Nr. 282/1990. **Hilmar Þ. Sigurþórsson**
vegna **Útihurða**

gegn

Braga Finnbogasyni.

Kærumál. Matsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í 21. gr. 1. mgr. 1. tölulið d í lögum nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið til dómsins úrskurði, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Hafnarfjarðar 5. júní sl. Fékk sóknaraðili vitneskju um úrskurðinn 18. júní. Kært var 25. sama mánaðar. Greinargerð varnaraðila barst héraðsdómara 12. júlí. Kærugögn bárust Hæstarétti 20. júlí.

Sóknaraðili krefst þess, að synjað verði beiðni varnaraðila um dómkvaðningu með þeim hætti, sem síðar verður lýst. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður er þannig:

„Málavextir eru þeir, að matsbeiðandi hefur óskað eftir að Sveinn Karlsson byggingartæknifræðingur, Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði, verði dómkvaddur til að meta ofangreinda smíði.

Matspoli hefur mótmælt því að Sveinn verði dómkvaddur til verksins.

Matsbeiðandi kveður ósk sína reista á því að Sveinn Karlsson hafi áður metið meinta galla á smíði matspola og skilað matsgerð.

Þau mistök hafi hins vegar verið gerð í því matsmáli að matspoli var talinn Útihurðir h.f. Sú lögpersóna sé ekki til, heldur sé firmað Útihurðir einkafirma Hilmar Þ. Sigurþórssonar, Smyrlahrauni 28, Hafnarfirði.

Í þinghaldi 29. maí var eftirfarandi bókað eftir lögmönnum aðila: „Lögmáður matspola mótmælir dómkvaðningu Sveins Karlssonar þar sem hann sé vilhallur og teljist ekki hæfur vegna fyrri matsgerðar. Þar komi fram mótuð afstaða sem sæti ágreiningi.

Lögmaður matsbeiðanda telur tilnefndan matsmann bæði hæfan og óvilhallan þrátt fyrir þetta. Matspoli eigi þess nú kost að gæta hagsmuna sinna á matsfundi þannig að matsmaðurinn komist að annarri niðurstöðu ef athugasemdir matspola reynast réttmætar. Lögmaður matsbeiðanda vísar til dóms Hæstaréttar frá 1982, bls. 247.“

Í þessu sama þinghaldi var málið tekið til úrskurðar.

Samkvæmt 2. mgr. 190. gr. er úrskurður þessi án forsendna.

Úrskurðarorð:

Krafa matsbeiðanda er tekin til greina.“

Í athugasemdum, sem Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari hefur sent Hæstarétti, segir:

„Málavextir eru þeir að með matsbeiðni dags. 15. maí 1990 óskaði matsbeiðandi eftir því að ákveðinn matsmaður, Sveinn Karlsson byggingatæknifræðingur, Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði, yrði dómkvaddur til að meta smíði fyrirtækisins Útihurða á glugga að Hlíðarbraut 1, Hafnarfirði.

Kröfu sína um að Sveinn Karlsson yrði dómkvaddur byggði matsbeiðandi á því að Sveinn hafði áður metið ofangreinda smíði og skilað matsgerð í því matsmáli.

Var Sveinn dómkvaddur í fyrra málinu þann 2. október 1989 og er matsgerð hans dags. 9. nóvember 1989.

Matsbeiðandi kveður þau mistök hafa verið gerð í því máli að matspoli var talinn hlutafélagið Útihurðir h.f. Sú lögpersóna sé hins vegar ekki til heldur sé firmað Útihurðir einkafirma Hilmars Þ. Sigurbórssonar, kt. 051144-4149, Smyrlahrauni 28, Hafnarfirði.

Þessi misskilningur, að telja matspola vera hlutafélag, hafi reyndar komið til vegna stefnu lögmanns matspola, Valgeirs Kristinssonar hrl., á hendur matsbeiðanda vegna viðskipta aðila út af ofangreindri smíði. Það mál hafi verið sótt af Útihurðum h.f.

Í fyrra matsmálinu hafi enginn mætt af hálfu matspola, þrátt fyrir löglega boðun, hvorki við dómkvaðningu né á matsfund.

Matsbeiðanda sé því nauðsyn að fá dómkvaddan matsmann á ný og telur hann tilnefndan matsmann bæði hæfan og óvilhallan. Matspoli eigi þess nú kost að gæta hagsmuna sinna á matsfundi.

Af hálfu matspola var því haldið fram að Sveinn Karlsson teljist

vilhallur og ekki hæfur vegna fyrri matsgerðar. Þar hafi komið fram mótuð afstaða sem sæti ágreiningi.

Matsgerð er sönnunargagn í dómsmáli. Til að framkvæma mat og skoðun eru að jafnaði kvaddir til fagmenn og sérfræðingar, hver á sínu sviði. Matsmenn leggja mat á ákveðin efnisatriði út frá sinni faglegu þekkingu, allt eftir óskum matsbeiðanda, en án tillits til ágreiningsaðila að öðru leyti. Matsmenn fella því ekki úrskurði um ágreiningsefni, sem upp kunna að koma heldur er það matsdómari sem sker þá úr.

Þykir því ekki skipta máli, eins og hér stendur á, að matsmaðurinn Sveinn Karlsson hafi tjáð sig á faglegan hátt um matsefnið og látið frá sér skriflegt og rökstutt álit. Matspoli á þess nú kost að gæta hagsmuna sinna á matsfundi og koma að athugasemdum sínum.

Þykir Sveinn Karlsson, sem uppfyllir öll skilyrði 139. gr. laga nr. 85/1936, því ekki vanhæfur vegna fyrri afskipta af málinu, en hagkvæmnisrök mæla einnig með því að taka kröfu matsbeiðanda til greina.“

Aðilar máls þessa deila um gluggasmíði. Sveinn Karlsson byggingartæknifræðingur var dómkvaddur á bæjarþingi Hafnarfjarðar 2. október 1989 til að „skoða og meta smíði Útihurða h.f. á glugga í vesturgafli viðbyggingar að Hlíðarbraut 1, Hafnarfirði“. Matsgerð Sveins er dagsett 9. nóvember 1989. Kemur þar m.a. fram, að hagsmuna sóknaraðila var ekki gætt á matsfundi. Segir í hinni síðari matsbeiðni frá 15. maí sl., að matspoli eigi þess nú kost að koma að sjónarmiðum sínum. Aðalástæða þessarar beiðni sýnist þó vera sú, að fyrirtækið Útihurðir var áður talið rekið af hlutafélagi, en er nú sagt einkafyrirtæki sóknaraðila.

Í matsbeiðninni 15. maí 1990 segir ekki, að þess sé beiðst, að Sveinn Karlsson verði dómkvaddur til að framkvæma hið umbeðna mat. Hins vegar kom beiðni þess efnis fram á bæjarþingi 29. maí. Lá því fyrir héraðsdómara að taka afstöðu til þess, hvort dómkveðja ætti Svein.

Samkvæmt íslenskum réttarfarsreglum er heimilt að fá menn dómkvadda til að endurmeta það, sem þeir sjálfir hafa áður metið, ef matsþolar hafa ekki gætt hagsmuna sinna hið fyrra sinn, samanber dóm Hæstaréttar 1982, 247. Var héraðsdómara því rétt að verða

við síðari matsbeiðni varnaraðila. Koma niðurstöður matsins síðar til álita við efnismeðferð málsins, og getur sóknaraðili þá borið á þær brigður með þeim rökum, sem hann kys.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð. Ekki eru efni til að dæma kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur. Kærumálskostnaður fellur niður.